

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, undanmi V árið 1926.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram á þessum skógarteigum, höggvið á hverjum fyrir sig eins og hér segir:

Vörðuhrauni	159.70 hestb.hríð.
Svæðinu milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks.	260.00 - -
Svæðinu milli Kerlingarár og Staðarár.	71.00 - -
Hólunum	212.00 - -
Partinum	157.80 - -
<u>Samtals:</u>	<u>816.05 hestb.hríð.</u>

Af einvið hefur verið höggvið ca. 7 hestb. allt mjóir girðingarstaurar. Þar af um 80 staurar til endurbóta á skógar-girðingunni.

Ársvöxtur: Sumarið var hagstætt trjágróðrinum. Að vísu ekki sólríkt, en heitt með köflum. Byrjaði sumarið strax um sumarmál- einmuna góð vortíð. Kuldar komu að vísu í maí og héldust langt fram í júní, en þegar hlyindin komu aftur fór öllum gróðri vel fram. Skógurinn var orðinn algrænn 7. júní. Lengstu ársprotar urðu 70 cm. (27 þuml)

Frævöxtur: Fræ a skóginum var með mesta móti. Safnað var 50-60 kg. Um 50 kg. send skógræktarstjóra, hitt geymt hér heima til að sá í græðireitinn. Berjavöxtur var ekki mikill. Bláber spruttu að vísu talsvert, en hrútaber spruttu varla. Reyniviðarfræ óx lítið í skóginum, aðallega á trjám í græðireitnum. Safnað var um 3 kg. af reyniviðarfræi.

Maðkur var enginn á skóginum á þessu ári.

Girðingin: Viðgerðir voru talsverðar. Öllu því einkum snjóflóð sem komu á girðinguna í 3 spildum í Hádegisfjallinu. Girðingin sem sett var upp í fyrra á Bjarginu stóð sig mjög vel, enda var fremur snjólétt til fjalla. Gert var við girðinguna í apríl.

Græðireiturinn: Sáð var reyniviðarfræi wa. 3 kg. Hann kom ekki upp á þessu ári.

Dreift var ca. 1900 smáum birkiplöntum.

Selt var úr græðireitnum:	Birki	125 stk.
	Reynivíður	190 -
	Víðir	184 -
	Lævirkjatré	45 -
	Ribs	41 -
	Fura	17 -
	Greni	13 -
	<hr/>	
	Samtals:	615 stk.

Auk þess sendar til Skógræktarstjóra:

	Birki	315 -
	Reynivíður	500 -
	Lævirkjatré	100 -
	<hr/>	

Alls látið úr græðireitnum: 1.530 stk.

Vextur: Yfirleitt góð framför á þessu ári, einkum á barr-trjám. Sveppur var á birkiþlöntunum frá í fyrra, og hefur aftur gert vart við sig. Er sjálfsagt vextur í vætusumrum. Slíkur sveppur er hér aðeins í græðireitnum. Gerir ekki vart við sig í skóginum. Líklegt er að þakning yfir veturinn og skuggagrindur á sumrum eigi sinn þátt í, að þessi sníkjugestur gerir vart við sig hér, en ekki í skóginum. Enda mun sú reynsla vera annarstaðar, að bætt meðferð ungvíðarsins valdi óbeint sjúkdómum og veiklum.

Ferðir fór ég engar á árinu.

Byggingar: Máluð innan baðstofan á Örmsstöðum og keypt til þess Lunklurita og fernisólfa. Einnig smíðuð ný hurð í baðstofuna, timbur keypt í hana.

Þess skal getið að ég undirritaður byrjaði á nokkrum jarðarbótum. Byggði fjós fyrir geldneytið og byggði áburðarhús. Keypti nokkuð af efni til þess og hef í hyggju að koma því upp á næsta vori. Til þessara jarðarbóta og fleiri ætla ég að taka lán úr Ræktunargjóði, gegn afgjaldskvöð á jörðinni.

Hallormsstað 24. janúra 1927.
Guttormur Pálsson.